# CQ TF

## Fréttabréf júlí 1992

Kæri félagsmaður!

Útileikarnir

Þá er komið að stóru stundinni hjá íslenskum radíóamatörum, útileikarnir verða um næstu helgi. TF-útileikarnir hafa unnið sér fastan sess í hugum margra okkar og eru orðnir ómissandi hluti tilverunnar. Eins og sjá má af reglum leikanna eru þeir ekki stíf keppni, eins og menn þekkja t.d. í CQ keppnunum, heldur eru þeir hugsaðir þannig að menn hafi með sér tæki í útileguna, sumarbústaðinn, bílinn eða á útihátíðina og hafi nokkur hugguleg sambönd. Þeir sem kjósa að sitja heima geta einnig farið í loftið og tekið þátt í leikunum. Ekki þarf mikinn búnað, nýliðasendir og "direct conversion" viðtæki, nokkrar rafhlöður og hönk af "beljuvír" nægja til þátttöku. Mætum öll í loftið um næstu verslunarmannahelgi.

Starfsemin

Í seinasta CQ-TF birtist starfsáætlun Í.RA fyrir félagsstarfsemina á árinu og það sem eftir er af henni birtist í þessu. Henni hefur verið fylgt nákvæmlega eftir. Ferðin í móttökustöðina á Mýrum var bæði skemmtileg og fróðleg en þátttakan var við lægstu mörk Ferðin á Garðskaga tókst einnig vel. Refaveiðamar í Heiðmörk voru haldnar og tóku sjö félagar þátt í þeim. TF3LJ, sem er hér í stuttu fríi, sigraði með glæsibrag. Hann gekk fram á refinn eftir aðeins 20 mínútna leit.

Fimmtudagskvöld

Annar þáttur í starfsemi félagsins eru fimmtudagarnir í félagsheimilinu. Þar mætir alltaf harður kjarni, en "hvítir hrafnar" slæðast einnig með. Félagsheimilið fékk nokkra andlitslyftingu í seinustu tiltekt svo nú er orðið all ánægjulegt að koma og hitta góða félaga, fá sér kók og prins og líta í nýjustu blöðin. Í.R.A. fær blöð frá mörgum áttum, sem gaman er að glugga í. Svo geta þeir, sem ekki hafa tæki heima við, svalað radíólönguninni frá stöð félagsins, TF3IRA. Einstaka kvöld er tileinkað vissum málefnum. Þau næstu á dagskránni eru VHF/UHF málefni þ. 6. ágúst og málefni neyðarfjarskipta 3. september. Jim Bray, TF8/K4HPB, ætlar að koma á VHF/UHF fundinn og segja okkur af sínum tilraunum í gervitunglafjarskiptum. Andrés Þórarinsson, TF3AM ætlar að koma 3. september og hafa erindi um neyðarfjarskipti. Menn eru hvattir til að mæta, því félagsstarfsemin er þess eðlis að enginn fær af henni ánægju nema sá sem sækir sér hana.

**A-próf**

Þeir sem ætla að gangast undir A-próf í haust þurfa nú að hefja undirbúning. Þeir eru beðnir að hafa samband við einhvern stjórnarmanna, því stjórnin er full vilja að hjálpa til við undirbúninginn.

**Laus staða**

Ritsjórinn okkar, TF3PXT hefur nú óskað lausnar úr starfi, enda hefur hann margt annað á sinni könnu eins og stjórnarsetu í félaginu. Því er staða hans hér með auglýst laus til umsóknar. Ritsjórastaðan er ein sú virðulegasta í félaginu og er því að væntanlega eftirsótt. Ritsjórinn hefur yfirumsjón með vinnslu CQ-TF og kallar stjórnarmenn og aðra félaga sér til aðstoðar. Áhugasamir hafi samband við formann, TF3UA í síma 617017 eða aðra stjórnarmenn.

Að lokum fá félagsmenn bestu óskir um velgengni í útileikunum og von um að sem flestir sjáist í félagsheimilinu.

73 de TF3UA

7. Maí 1992 10. árgangur

Útgefandi: Íslenskir Radióamatörar (ÍRA)
Stofnað 14. ágúst 1946.
Pósthólf 1058,121 Reykjavík.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Þórður Ívarsson, TF3PXT

ÍRA er hið íslenska aðildarfélag að IARU, IARU Region 1 og NARU

# Frá QSL - stjóra

Margir eiga kort í hólfum sínum sem hafa verið þar mjög lengi (upp í 10 ár). Nokkrir eiga slíkt magn að út úr flæðir. Menn eru beðnir að sækja kortin sín og þar með njóta ánægjulegrar stundar að kvöldi fimmtudags.

Nú eru til afar smekkleg drög að QSL-korti sem TF3ATN hannaði.

Mönnum er hér með gefinn kostur að gefa sig fram við QSL-stjóra hafi þeir hug á að taka þátt í hópsamstarfi um prentun korta sem byggjast á drögum TF3ATN.
QSL-slóðar, látið ekki þetta tækifæri úr greipum ykkar ganga.

# FORSKEYTAKORT TIL SÖLU

Félagið hefur nú til sölu prefíx-kort. Kortin eru 98 x 67cm á stærð. Ágóðinn rennur í hússjóð ÍRA. Verð kortanna er kr. 1800. Þeir sem óska eftir korti eru beðnir að láta símanúmer fylgja kallbókarskráningu, svo komist verði hjá miklum sendingarkostaði.



# Kallbók

Nú er tími til kominn að laga til í kallbókinni. Hér með fylgir listinn yfir TF-kallmerki úr kallbókinni 1992, sjá næstu síðu. Eins og sjá má þarf að leiðrétta ýmislegt hér. Því eru þeir leyfishafar sem vilja láta breyta einhverju í sinni skráningu beðnir um að fylla út svarmiðann sem fylgir þessu blaði og senda til félagsins sem allra fyrst.( t. d. strax á morgun?) Ekki er víst að leiðréttingar verði sendar inn reglulega og er því ef til vill athugunar vert að menn setji varanlegt heimilisfang eins og t. d. box 1058 ef von er á breytingum. Okkar hugmynd er að merkja þá sem ekki næst í með boxi 1058. Einnig er vel þegið ef menn vita um einhverja sem ekki eru í félaginu og að þeir telja að vilji laga sína skráningu, að hvíslað sé að þeim að senda okkur boð þar um og verður slíkt að sjálfsögðu látið fylgja með.

73 de TF3BJT

## Kallbókarskráning

Nafn: ____________________________

Heimilsfang: ______________________

Staður____________________________

Kallm.:________

Ég óska eftir að kaupa Prefix map af félaginu á kr. 1800 (Já / Nei)

Sími:_________________________________

# STARFSÁÆTLUN ÍRA 1992

| | |
|---|---|
| 1.-3. ágúst | Verslunarmannahelgin. Út um holt og hæðir, útileikar ÍRA að vanda. |
| 19. september. | Laugardagur. Skoðunarferð í Gufunes. Sjáum nýja stjórnstöð fyrir fjarskip tin, sem m.a. fjarstýrir móttökustöðinni á Mýrum. Einkabílar. Brottf. frá félagsh. kl. 14:00. |
| 24. október. | Laugardagur. A-próf. Þátttaka tilkynnist ritara, Bjarna TF3GBN, eigi síðar en 1. október. Sími 78293. Um kvöldið verður kráarferð, nánar auglýst síðar. |
| 31.október. | Laugardagur. N-próf. Þátttaka tilkynnist ritara eigi síðar en 1. nóvember. |
| 12. nóvember. | Fimmtudagur. Félagsfundur í Árseli kl. 20:30. 24. janúar. Sunnudagur. Fé lagsfundur Hótel Esju kl. 14:00. 14. febrúar. Sunnudagur. Aðalfundur Hótel Esju kl. 14:00. |

# FIMMTUDAGAR Í FÉLAGSHEIMILINU

Eftirfarandi eru ábendingar um málefni fyrstu fimmtudaga hvers mánaðar. Eins og í fyrra er ekki í öllum tilfellum um undirbúna dagskrá að ræða, heldur er stuðlað að því að þeir sem hafa tiltekin áhugamál hittist. Framvindan er þá undir viðstöddum komin.

2. júlí. Undirbúningur útileika.

6. ágúst. VHF/UHF málefni.

3. sept. Neyðarfjarskipti.

1. okt. Keppnir sem við ættum að spreyta okkur á?

5. nóv. Refaveiðar og búnaður.

3. des. “Loop” sendiloftnet.

# QRM....QTC

Hér fylgir listi yfir erlenda amatöra, sem hafa fengið leyfi til að vera í loftinu á Íslandi nú í ár.

DL6NCX Thomas Baumann

DC2EU Uwe Frahmhein

DLIEKK Heinrich Rustige

OZ9RA Charly Hansen

PAOJLS J.L.S. van Hese

DL4LAI Bärbel Bockwoldt

DL5LQ Hans-Jom Bockwoldt

DL4HAL Geert Lehmann

DL1MDH Ingo Weighardt

DL7LD Joachim Rudolph

DL7XV Eveline Rudolph

HB9FMD Roland Fückiger

# Hússjóður ÍRA

Kr. 209.500.-

# Utanlands

Útlendinganetið á 14.330 kl. 12.00 á laugardögum og sunnudögum.

# VHF SSB

SSB tíðni á 2m er 144.300. Þar hefur verið nokkur starfsemi undanfarið.

# Ritstjórn

Ritstjórinn þyldi svolítið af efni inn til birtingar, allt vel þegið.

# 80m innanlands

Innanlandstíðnin 3633kHz, CW og SSB, einkum frá kl. 18.00.

# Endurvarpar

Pétur TF3RPA er bilaður sem stendur, hann er keyrður á inniloftneti, tíðni TX= 145.600 og RX= 145.000

TF3AJT hefur verið að prófa tvo “split-band” endurvarpa milli Rvk og Vestmannaeyja. Ari hefur sótt um leyfi til Radíoeftirlitsins, og hefur það verið samþykkt.

# Packet

TF3BBS er komið í gang á 144.650. Óvenjulega mikil traffík hefur verið undanfarið.(1700 skilaboð virk)

# Radíóvitar

Radíóviti Garðskaga er bilaður, TF3LJ hefur nú þegar þetta er ritað fengið nýjan lampa í hann, kallmerki hans er TF8VHF.

Radíóviti Búrfelli er í lagi, kallmerki hans er TF1VVV og senditíðnin er 144.970.

Radíóvitinn TF3SIX er ennþá bilaður

Nú hafa safnast kr. 30.000 fyrir samkeyrslusíum, Enn vantar nokkuð uppá til að endar nái saman. Hafið samband við gjaldkera TF3BJT ef þið viljið leggja til í síumar Síurnar er á leiðinni til landsins.

cordata



MICROTÖLVAN

Suðurlandsbraut 12 - sími 688944




STAKAR GRÁÐUR | JAFNAR GRÁÐUR

50' 40' 30' 20' 10' | 50' 40' 30' 20' 10'

ABCDEFGHIJKLMNOPQRSTUVWX

FIMMTA TÁKNIÐ

# Í HVAÐA REIT ERT ÞÚ???

1. Finndu staðsetningu þína í gráðum og mínútum eins nákvæmlega og unnt er.
2. Á kortinu finnur þú fyrstu fjögur táknin eftir því í hvaða ferhyrning þú ert.
3. Fimmta táknið er bókstafur, sem þú finnur í láréttu töflunni eftir lengdarstaðsetningu þinni.
4. Sjötta táknið er bókstafur, sem þú finnur í lóðréttu töflunni eftir breiddarstaðsetningu þinni.

# TF-ÚTILEIKARNIR

Samantektarblað

Nafn þátttakanda ______________________ Kallmerki __________

Póstfang ______________________________

Fjöldi meðfylgjandi radíódagbókarblaða ______________

Staðsetning í útileikunum ______________________

______________________________________

Tæki notuð ______________________ Afl inn ________ wött

Þátttökuflokkur ______________________ ☐ ER ☐ RA

Ummæli/frásögn/tillögur um breyttar reglur o.s.frv. ______________

______________________________________

______________________________________

**Niðurstöður:** ______________________________

| Bönd | $P_5$= punktar m/M3=5 | $P_8$= punktar m/M3=8 | $P_{10}$= punktar m/M3=10 | M1 | M2 | M3 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 160 metrar | | | | | | $\frac{5 * P_5 + 8 * P_8 + 10 * P_{10}}{P_5 + P_8 + P_{10}}$ |
| 80 metrar | | | | | | |
| önnur bönd | | | | | | |
| Samtals: | | | | | | |

**Lokaárangur** = $(P_5 + P_8 + P_{10}) * M1 * M2 * M3$ = ______________

Ég undirritaður staðfesti hér með, að ég hefi í þessum útileikum farið í einu og öllu eftir settum reglum leikanna svo og reglugerð um radíóamatörviðskipti á Íslandi.

______________ ______________ ______________

Staður dagsetning undirskrift/kallmerki

# RADÍÓDAGBÓK TF-útileikarnir

ÁRIÐ

| Dagur tími | STÖÐ | QRG | teg. útg. | SENT<br>RST-QSO nr.-QTH-Loftnet-Afl-ER/RA<br>QTC: tími-kallmerki-tíðni- skilaboð | Móttekið<br>RST-QSO nr.-QTH-Loftnet-Afl-ER/RA<br>QTC: tími-kallmerki-tíðni- skilaboð | P | M1 | M2 | M3 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |

Undirskrift/kallmerki

ÍSLENZKIR RADÍÓAMATÖRAR

Samtals:

Blað nr.: af